

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1978

Nr. 64.

316

18. maí 1978.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursíþróttá án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 65.

16. maí 1978.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23
3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 24 000 000 fyrir bifreið og kr. 12 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 600 000“ í 2. mgr. komi: kr. 1 200 000.

c. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er dómsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka váttryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Í stað „1,25%“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 11. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, komi: 1‰.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.

2. gr.

3. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 62/1976, verði svo hljóðandi:

Lengd almenningsbifreiða til fólksflutninga má vera allt að 13 m miðað við tveggja öxla bifreið. Sé bifreið búin þremur öxlum má lengd hennar vera meiri. Dómsmálaráðherra getur með ákvæðum í reglugerð eða á annan hátt sett reglur um hámarkslengd slíkra bifreiða, ef þurfa þykir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.